

## **Ákvörðun Samgöngustofu nr. 321/2019 vegna kvörtunar um neitun á fari með flugi nr. WW252 þann 19. desember 2016.**

### **I. Erindi**

Þann 19. febrúar 2019 barst Samgöngustofu kvörtun frá A(kwartandi). Kvartandi átti bókað far með flugi WOW Air WW252 þann 19. desember 2016 frá Montréal til Keflavík. Kvörtunin varðar neitun á fari með flugi WW252 þann 19. desember 2016.

Kwartandi fer fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum.

### **II. Málavextir og bréfaskipti**

Samgöngustofa sendi WOW kvörtunina til umsagnar með tölvupósti þann 20. febrúar 2019. Engin svör bárust stofnuninni frá WOW vegna málsins. Þann 24. júní 2019 sendi Samgöngustofa tölvupóst til kvartanda og óskaði eftir gögnum sem gætu varpað ljósi á atvik máls. Engin svör bárust. Í svari WOW til kvartanda vegna kvörtunar hans tiltók félagið að það væri ekki bótaskilt vegna flugs WW252 þann 19. desember þar sem að seinkun á fluginu var undir þremur klukkustundum.

### **III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu**

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 (loftferðalög) eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðarlaga. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c. og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er [Samgöngustofa] sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Fyrir liggar að kvartandi átti bókað far með flugi WW252 þann 19. desember 2016. Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 kemur fram að ef farþega er neitað um far skal hann eiga rétt á skaðabótum skv. 7. gr. reglugerðarinnar og m.a. rétt til endurgreiðslu miðaverðs skv. 8. gr.

reglugerðarinnar. Í j-lið 2. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 má sjá skýringu á hugtakinu um „neitun um far“ á þá leið að farþega sé meinað að ganga um borð þótt hann hafi gefið sig fram til þess samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Í máli þessu hefur kvartandi ekki lagt fram nægjanleg gögn kröfu sinni til stuðnings þrátt fyrir áskorun Samgöngustofu þess efnis. Þar sem kvartandi gerði það ekki og Samgöngustofa hefur ekki tækifæri til að afla gagna sem gætu varpað ljósi á atvik málsins stofnast ekki bótaréttur á grundvelli 3. mgr. 4. gr., sbr. 7. gr. og 8. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Kröfu kvartanda um greiðslu staðlaðra skaðabóta er því hafnað.

### **Ákvörðunaronar**

Kröfu kvartanda á hendur WOW Air um greiðslu skaðabóta skv. reglugerð EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012, er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæranleg til samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík 18. júlí 2019

Þórunn Pálína Jónsdóttir

Andri Rúnar Gunnarsson